

Ed.

321. Nefndarálit

um frv. til laga um samvinnufjelög.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefir athugað og rætt frv. þetta á allmörgum fundum og orðið sammála um að ráða til þess, að það verði gert að lögum með nokkrum breytingum.

Í ástæðum fyrir dómi, kveðnum upp í landsyfirrjetti 22. jan. 1917, er kveðið svo að orði, að íslensk löggjöf þekki ekki samvinnufjelög sem sjerstaka tegund fjelaga. Frá sjónarmiði samvinnumanna er þetta mikill galli á löggjöfnni og auðsæ nauðsyn á að fyrirbyggja til fulls, að svo geti álitist. Samvinnufjelög eru í svo mörgu frábrugðin öðrum almennum fjelagsskap, að nauðsynlegt verður að telja, að sjerstök, skýr ákvæði sjeu til um rjettindi þeirra og skyldur. Þetta

sjereðli samvinnufjelaganna kemur ljósast fram við samanburð þeirra við almenn hlutafjelög. Er þá fyrst á það að lita, að þar sem öll ábyrgð er takmörkuð í venjulegu hlutafjelagi við hið framlagða hlutafje og persónulega starfsemi, þá er ábyrgðin í samvinnufjelögunum almenn og sameiginleg, þannig að hún tekur til allra, sem í fjelögunum eru. Gjaldþrot fjelags, sem er með fullkomnu samvinnufjelagssniði, getur því ekki komið fyrir fyrir en allir fjelagsmenn eru gjaldþrota. Þetta er vitanlega kostur gagnvart öllum viðskiftamönnum út á við, mikil trygging fyrir lánstrausti, og að því og fleira leyti mikill styrkur fyrir fjelögin. En að sjálfsgöðu fylgir þessari samábyrgð ábætta inn á við, einkum fyrir hina efnaðri fjelagsmenn, sem meira hafa að missa. En við þeirri áhættu taka tryggingarsjóðir fjelaganna, jafnóðum og þeir vaxa, og er áhættan því mest í fyrstu, en fer að öðru leyti mjög mikið eftir stjórn fjelaganna, sem jafnan er nauðsynlegt að vanda til. Annað, sem greinir samvinnufjelög ljóst frá eiginlegum hlutafjelögum, er það, að samvinnufjelög greiða ekki annan arð en almenna vexti af rekstrarfje eða öðru því fje, sem þau hafa handa milli, heldur fer allur útborgaður ágóði eða uppbætur eftir viðskiftaveltu hvers fjelagsmanns, og er þannig girt fyrir fyrirhafnarlausu margföldun fjármuna og peningavald. Í sama anda eru ákvæði samvinnufjelaganna um atkvæðisrjettinn, sem er alveg persónulegur og fer að engu leyti eftir peningavaldi, enda girðir fyrir það, eftir fönfum, á þennan hátt. Þessi stefna samvinnufjelaganna kemur og mjög skýrt fram í 10. tölul. 3. gr. í frv. því, sem hjer er um að ræða. Er rjett að benda á, að þar kemur fram algert nýmæli í löggjöf landsins, sem er — þó að finna megi sömu hugsjón í útlendum nútíðarbókmentum — algerlega af innlendum rötum runnið í frv., þ. e. tekið inn í það eftir fyrirmynd úr Húnavatnssýslu. Þetta nýmæli fer með þá hugsjón, að fjármunir einstakra manna og fjelaga geti fallið undan eignarráðum þeirra og gerst almenningsgagn í sjerstökum tilfellum, á líkan hátt og verðmæti, sem leiðir af andlegri iðju (t. d. rithöfundarjettur) fellur undan yfirráðum einstaklinga og verður almenningsgagn, að ákveðnum — eða óákveðnum — tíma liðnum. Af allri þessari stefnu og fyrirkomulagi samvinnufjelaganna leiðir það, að rjett verður að teljast, að um þau gildi sjerstök skattaákvæði. Um þetta hefir öll nefndin orðið sammála. En þegar til þess kemur að finna hinn sanngjarna eða rjetta skattagrundvöll, þá eru á því miklir erfðleikar, ekki einungis vegna þess, að erfitt er að meta sjerstöðu samvinnufjelaganna, svo að ekki orki tvímælis, heldur einnig vegna þess, að nógildandi ákvæði um gjaldskyldu verslana yfirleitt, einkum til sveitar- og bæjarsjóða, eru mjög óbeppileg, og ilt að verja það, að ljetta óheppilegum gjaldakvöðum af einum aðila, en halda þeim á öðrum. Er þetta einkum mælt til þeirra lagaákvæða, að útsvör skuli leggja á verslanir eftir arði og umsetningu. Af tveimur verslunum, sem hafa jafna umsetningu, getur önnur haft mikinn hreinan arð, en önnur skæða, og er auðsælt, að engri átt nær að leggja jafnt á slíkar verslanir. Og þó að vísu eigi að taka tillit til arðs (og skaða) jafnframt, þá mun einnig verða misbrestur á því, enda vandaverk. Þessi umsetningarregla kemur þó sjerstaklega illa niður á sumum samvinnufjelögunum, og einkum Sambandinu hjer í Reykjavík, sem hefir á pappírnum sínum mikla umsetningu, sem fer fram aðallega annarsstaðar, og er einnig þar útsvarsskyld. Svo er t. d. um talsvert af vörukaupum frá útlöndum, sem Sambandið að vísu hefir aðalumsjón á, en framkvæmd eru af starfsmönnum þess utanlands og varan síðan send til viðkomandi staða, svo að hún kemur alls ekki til Reykjavíkur nje

leiðir hjer af sjer aðra starfrækslu en nokkra skrifstofuvinnu. Og líkt er háttáð um mikið af hinni útfluttu vöru. Það er eðlilegt, að fjelög úti um land geti ekki sætt sig við að borga há útsvör í Reykjavík (gegn um Sambandið) af svona starfsrekstri, og má búast við, að að því reki, að Sambandið verði að flytja aðalskrifstofu sína burt úr bænum, ef leiðrjetting fæst ekki á annan hátt, eða þá því, að hin einstöku fjelög fari sem mest fram hjá Sambandinu með verslun sína, sem að ýmsu leyti getur orðið þeim kostnaðarminna, en mjög er varhuga-vert fyrir samvinnuhreyfinguna yfirleitt. Með tilliti til þessa og annara ástæðna, sem nefndar hafa verið, telur nefndin rjett, að í frv. þetta sjeu sett bráðabirgða-ákvæði um gjaldskyldu samvinnufjelaga til bæjar- og sveitarsjóða, og er þá búist við, að endurskoðun fari bráðlega fram á löggjöfnni um tekjustofna sjóða þessara. Um gjaldskyldu til rikisins álitur nefndin rjett, að fari eftir almennum lögum. En bráðabirgðaákvæðin um gjöld til sveitar- og bæjarsjóða hefir nefndin aðhyllt að sett sjeu eftir enskri fyrirmynd, þannig að gjöldin miðist við fasteignir. Á hinn bóginn hefir ekki náðst fult samkomulag um það, hvað slíkur skattur skuli vera hár, og skrifar því einn nefndarmaður undir álitni með fyrirvara. Að öðru leyti vísast til hinnar upphaflegu greinargerðar frumvarpsins og framsögunnar.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 3. gr.
 - a. Fyrir orðið »fjelagsmanna« í 6. tölul. komi:
hvers fjelagsmanns.
 - b. Í stað orðanna »fyrir fjelagsmenn« í 9. tölul. komi:
yfir fjelagsmenn.
2. Við 8. gr.
 - a. Fyrir orðin »brottrekstur fjelagsmanna« í 1. másl. komi:
brottrekstur fjelagsmanns.
 - b. Í stað orðanna »úr gengur« í 3. másl. komi:
fer úr fjelaginu, eða bú þess, er deyr.
3. Við 18. gr.

Aftan við 2. málsgr. bætist:
sbr. og 22. gr.
4. Við 25. gr.
 - a. Fyrir orðin »nema minna en svarar 3% af verði aðkeyptrar vara« í 1. málsgr. komi:
vera minna en svarar 3% af verði aðkeyptrar vöru.
 - b. Fyrir orðin »er skylt að greiða« í upphafi 2. málsgr. komi:
fellur til útborgunar.
 - c. c-liður sömu málsgr. falli niður.
 - d. Á eftir b-lið komi nýr liður (sem verður c-liður) svo hljóðandi:
Við gjaldþrot hans.
 - e. Í stað orðsins »fjármunalegar« í 4. málsgr. komi:
fjárhagslegar.

5. Við 26. gr.
Á eftir orðunum »til ávöxtunar« í niðurl. 1. másl. 1. málsgreinar komi:
sem rekstrarfje.
6. Við 28. gr.
Greinin falli niður.
7. Við 34. gr.
 - a. Fyrir orðin »afhent fjelagið« í 1. másl. 1. málsg. komi:
afhent fjelagsbúið.
 - b. Í stað orðsins »fjelagsslitinu« í sama másl. komi:
fjelagsslitum.
8. Við 37. gr.
Fyrir orðið »grundvallarákvörðun« komi:
ákvæðum.
9. Í upphafi VIII. kafla (á undan 39. gr.) komi ný gr., svo hljóðandi:
Pangað til fram hefir farið gagngerð endurskoðun á löggjöfni um tekjur sveitar- og bæjarsjóða, greiða samvinnufjelög gjöld til þeirra sem hjer segir:
 1. Skatt af lóðum og öðrum fasteignum, eftir því sem lög mæla fyrir.
 2. Útvar af arði, sem leiðir af skiftum við utanfjelagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn á staðnum, samkvæmt ákvörðun skattanefndar, byggðri á skýrslu, er hlutaðeigandi fjelag gefur henni. En vanræki fjelagið þetta framtal, skal skattanefnd áætla tekjur af þessum viðskiftum, og byggist útsvarið á því.
 3. Fastan skatt, 2⁰/₀, af virðingarverði þeirra húsa, sem fjelagið notar við starfrækslu sína. Þó skulu ekki þar með talin hús, sem notuð eru aðallega til líknarstarfsemi eða fræðslu, t. d. sjúkrahús, bókasöfn, skólar o. s. frv. Skatturinn fellur jafnt á, hvort sem fjelagið á húseignina eða tekur hana á leigu, og skal jafnan vera byggður á síðasta fasteignamati.
Um gjöld til ríkissjóðs fer eftir almennum lögum.
10. Við 39. gr.
 - a. Á eftir orðinu »fangelsi« í 1. málsg. komi:
samkv. 26. gr. hinna alm. hegningarlaga.
 - b. Á eftir orðunum »sektir við« í 2. málsg. komi:
alt að 2000 kr.
 - c. Á eftir orðunum »varðar það sektum« í 3. málsg. komi:
alt að 1000 kr.
 - d. Á eftir orðinu »tilkynningu« í sömu málsg. komi:
til skrásetningar.
11. Aftan við 42. gr. bætist:
og eru þá um leið úr gildi fallin öll þau ákvæði, er koma í bága við þessi lög.
Greinatala frv. breytist samkv. þessu.

Í frv. eru þessar villur, sem ber að leiðrjetta við endurprentun:
a. Í 3. gr. 10. tölul. »sjóðseignarinnar« fyrir:
sjóðseignarinnar.
b. Í 5. gr. 4. lið »Deildarskipun« fyrir:
Deildaskipun.

c. Í 32. gr. niðurl. 1. málsg. »ársreikninginum« fyrir :
ársreikningum.

Alþingi, 14. apríl 1921.

Sigurjón Friðjónsson,
form. og ritari.

Sig. Eggerz,
fundaskrifari.

Jóh. Jóhannesson,
með fyrirvara.